

Fundargerð

32. fundur svæðisskipulagsnefndar höfuðborgarsvæðisins var haldinn föstudaginn 11. janúar 2013 kl. 13:30 að Borgartúni 12 - 14.

Mættir:

Reykjavík:

Páll Hjaltason og Júlíus Vífill Ingvarsson

Kópavogsbær:

Kristinn Dagur Gissurarson og Margrét Júlía Rafnsdóttir

Hafnarfjarðarbær:

Sigríður Björk Jónsdóttir og Rósa Guðbjartsdóttir

Garðabær:

Stefán Konráðsson og Steinþór Einarsson

Mosfellsbær:

Bryndís Haraldsdóttir

Seltjarnarnesbær.

Ólafur Egilsson og Ragnhildur Ingólfssdóttir

Kjósarhreppur:

G. Oddur Víðisson og Sigurbjörn Hjaltason

Ennfremur sat fundinn Haraldur Sigurðsson á skipulags- og byggingasviði Reykjavíkurborgar og Hrafnkell Á. Proppé svæðisskipulagsstjóri SSH sem ritaði fundargerð.

Formaður, Páll Hjaltason setti fund og stýrði. Páll upplýsti að Skipulagsstofnun hefði yfirfarið öll gögn um breytingu á svæðisskipulaginu Holtsgöng - NLSH og að stofnunin óskaði nú eftir undirrituðum gögnum í samræmi við 3. mgr. 22. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Nokkrar umræður voru um hve óheppilegt það er að nefndarmenn sem ekki studdu breytinguna skrifuðu nú undir uppdrátt og greinargerð. Rætt um að í nýjum starfsreglum verði kveðið skýrt á um hverjir rita undir gögn nefndarinnar.

1. Fundargerð síðasta fundar.

Fundargerðin lögð fram. Fulltrúar Seltjarnarness hafa óskað eftir breytingum á 2. lið. Leiðréttri fundargerð dreift og hún samþykkt.

2. Svæðisskipulagsbreyting - vegna endurskoðunar aðalskipulags Reykjavíkur.

Haraldur kynnti tillögur að breytingum á svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins vegna endurskoðunar aðalskipulags Reykjavíkur. Áður hefur verkefnislýsing verið samþykkt í svæðisskipulagsnefnd og farið til umsagnaraðila.

Umræður:

Júlíus Vífill tilkynnti að hann sæti hjá við afgreiðslu málsins þar sem það varðar nýtt aðalskipulag Reykjavíkur.

Rætt um hvort rétt væri að senda tillöguna til umsagnaraðila skv. 2. mgr. 23 gr.

skipulagslaga 123/2010. Allmargir fundarmenn óskuðu eftir því að fá tækifæri til að kynna sér tillögurnar betur áður en hún væri send öðrum til kynningar.

Sigurbjörn gerir fyrirvara um staðsetningu græna trefilsins gagnvart landbúnaðarsvæðum.

Svæðisskipulagsnefnd höfuðborgarsvæðisins

Fulltrúar Kópavogs geri athugasemd við framsetningu breytingartillagnanna á tengingu milli sveitarfélaganna yfir Skerjafjörð. Hugmyndir Kópavogs ganga út á létta brú fyrir gangandi og hjólandi en ekki umferð strætisvagna líkt og hugmyndir Reykjavíkur.

Niðurstaða:

Drögum að breytingartillögum er vísað til fagráðs svæðisskipulagsnefndar, sem m.a. er falið að skoða breytt viðmið varðandi framsetningu stefnu um byggingarmagn (sbr. töflur 3.1. og 3.2.) í samhengi við framlagðar breytingartillögur.

Samþykkt að fresta ákvörðun um kynningu á breytingartillögunum í samræmi við 2. mgr. 23 gr. skipulagslaga 123/2010 þar til niðurstaða fagráðs liggur fyrir.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 15:00.